



FULLTINGI ehf

lögfræðiþjónusta

Suðurlandsbraut 18 • 108 Reykjavík
Sími 533 2050 • Bréfsími 533 2060
Netfang fulltingi@fulltingi.is
Kt. 650886-1359 • Vsk.nr. 11370
Banki 120-26-202

Reykjavík, 27. febrúar 2004.

Viðskiptaráðuneytið,
b.t. Benedikts Árnasonar, skrifstofustjóra,
Arnarhváli,
Reykjavík.

Efni: Beiðni um samþykki fyrir sölu hluta í Eglu hf.:

Umbj. minn, Eglu hf., kt. 551102-2030, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, og hluthafar félagsins Hauck & Aufhaeuser Privatbankiers KGAA, Ker hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. hafa falið undirrituðum lögmanni að rita þetta bréf.

Samkv. gr. 11.3. í kaupsamningi dags. 16. janúar 2003 milli viðskiptaráðherra f.h. íslenska ríkisins og Eglu hf., Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, Samvinnulífeyrissjóðsins og Vátryggingafélags Íslands hf., um kjölfestuhlut í Búnaðarbanka Íslands hf., sem nú tekur til hluta í KB-banka hf., er hluthöfum Eglu hf. óheimilt að "selja, veðsetja eða ráðstafa á annan hátt, hlutum í Eglu hf., eða réttindum samkvæmt þeim, í tuttugu og einn mánuð frá undirritun samnings", "nema að fengnu skriflegu samþykki seljanda". Framangreindur frestur rennur út í október nk.


Með vísan til framangreinds, þá óskar Eglu hf. og hluthafar þess eftir samþykki viðskiptaráðherra f.h. íslenska ríkisins, fyrir að félagið og/eða núverandi hluthafar í Eglu hf. fái heimild til þess að eiga viðskipti sín í milli með hluti í Eglu hf. Til stendur, ef umbeðið samþykki verður veitt, að Hauck & Aufhaeuser Privatbankiers KGAA minnki hlut sinn í félaginu með sölu á hluta hluta sinna til annarra hluthafa félagsins og/eða Eglu hf. um tæp 33%, þannig að eignarhlutur H&A minnki úr hlutum að nafnverði kr. 7.239.000,00, sem taka til 50% alls hlutafjár í félagsins, í hluti að nafnverði kr. 2.505.307,00, sem taka til 17,31% alls hlutafjár í Eglu hf.

Erindi þetta felur í sér minniháttar frávik frá upphaflegum kaupsamningi aðila, og felur einvörðungu í sér að Eglu hf. og/eða hluthafar þess breyti eignarhlutföllum innan hópsins, en þetta eru allt aðilar sem þegar eru bundnir af öllum fyrirvörum, skilyrðum og hluthafasamningi samkv. framangreindum kaupsamningi.

Erindi þessu óskast svarað skriflega við fyrsta tækifæri.

Undirritaður vill vekja athygli á, f.h. ofangreindra umbj. minna, þótt ekki sé sú ábending hluti af erindi þessu, að tímabært kann að vera að fella niður skilyrði/ákvaðir í 11. kafla framangreinds kaupsamnings, um takmarkanir á ráðstöfun hinna seldu hluta, með vísan til þess að umbj. mínir ráða ekki lengur yfir kjölfestuhlut í banka eftir samruna Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings-banka hf. í KB-banka hf. Með vísan til þess hversu lítinn hluta í hinum sameinaða banka umbj. mínir eiga, þá virðist eðlilegt að alm. lög um eignarhald í fjármálastofnunum og viðskiptabönkum gildi um þann eignarhlut, en ekki sérstakar tímabundnar takmarkanir í kaupsamningi aðila, enda forsendur fyrir þeim ákvæðum löngu brostnar.

Virðingarfyllst,



Kristinn Halgrímsson hrl.